

## Ársskýrsla Fjár- og hjarðhundadeildar HRFÍ starfsárið 2019-2020

Síðasti ársfundur var haldinn þann 14.02.2019. Að fundi loknum var stjórn skipuð eftirfarandi aðilum:

Guðríði Evu Þórarinsdóttur, formanni

Svövu Björk Ásgeirsdóttur, ritara

Ólafi Smára Sævarssyni, gjaldkera

Birnu Sólveigu Kristjónsdóttur, meðstjórnanda

Heidi Line Olsen, meðstjórnanda

Heidi flutti til Noregs stuttu eftir ársfundinn og sagði sig í framhaldi af því úr stjórn. Hún mætti því ekki á neinn stjórnarfund á þessu tímabili.

Þegar fólk býr víðsvegar um landið getur verið erfitt að ná saman á fundum. Það var reyndin í ár og stjórnarfundir voru því ekki margir á árinu, en skilvirkir. Til að bæta upp fyrir fáa formlega stjórnarfundum átti stjórn í góðum samskiptum bæði í gegnum tölvupóst og lokaða síðu á facebook.

Í þessari ársskýrslu verður farið yfir almennt starf deildarinnar en bent er á skýrslur tengiliða innihalda ítarlegri fréttir frá hverri tegund fyrir sig. Því miður eru ekki allar tegundir með starfandi tengilið en í einstaka tegundum hefur gengið erfiðlega að fá fólk til að taka að sér verkefnið. Við viljum færa ykkur sem virk eruð, okkar bestu þakkir fyrir ykkar störf í þágu félagsins. Það er afar mikilvægt að hver tegund hafi starfandi tengilið og vonumst við til þess að geta fundið öllum tegundum virka tengiliði á næsta starfsári.

Almennt voru félagsmenn í deildinni nokkuð virkir. Góð mæting var á sýningar félagsins og áttum við verðuga fulltrúa í úrslitum sýninga með nokkur BIS sæti og átti deildin Best In Show á þessu ári þegar ástralski fjárhundurinn Blossi - Kraftbrewds Blossi at Heimsenda, náði þeim eftirsóttu titli.

Það er gaman að sjá að ástundun á vinnuþrófum á vegum félagsins er að aukast og þar hafa hundar úr okkar deild verið mjög hlutskarpir.

Eitt af markmiðum stjórnar var að reyna að efla samverustundir og kynni fólks í deildinni og lagði stjórn sig fram um það á tímabilinu. Boðið var upp á ýmis konar viðburði og samveru fyrir hunda og menn. Við vonumst til að geta gert enn betur á næsta ári.

Þann 11.maí 2019 stóð deildin fyrir **sumarhitting**. Ákveðið var að nýta frábæra aðstöðu félagsins í Sólheimakoti. Farið var í göngu um svæðið og eftir gönguna var boðið upp á vöffur, kaffi og safa. Mæting var mjög góð og gengu saman um 20 hundar og enn fleira fólk í frábæru veðri. Mjög skemmtilegur dagur sem verður endurtekinn í vor.

**Smalaeðlispróf** var haldið að skála í Grímsnesi þann 19.október 2019. Stjórn vill koma á framfæri kærum þökkum til Guðrúnu fyrir aðstöðu og utanumhald og Maríu Dóru fyrir að dæma.

Full skráning var í prófið, 12 hundar og meira að segja voru hundar á biðlista. 11 af 12 hundum stóðust prófið. Eftirspurn eftir slíku prófi er greinilega til staðar svo stefnan er tekin á að endurtaka leikinn á þessu ári.

Vert er að nefna að fyrir prófið bauð Kristinn Hákonarson félagsmönnum upp á æfingartíma á Hvolsvelli þar sem fólki bauðst að mæta með hundana sína og sýna þeim kindur undir leiðsögn Kristins. Kristinn styrkti deildina með vinnu sinni og rann allt skráningargjald óskipt til deildarinnar. Við viljum færa honum kærar þakkir fyrir framlagið.

Stjórn hafði mikinn áhuga á að kynna það starf sem hægt er að vinna með hundum í okkar deild. Ákveðið var að halda **Deildardag** til að koma á framfæri hluta af því sem hægt er að gera. Stjórn fékk afnot af aðstöðu að Vindhóli í Mosfellsdal og færum við Sillu Vignisdóttur bestu þakkir fyrir að bjóða okkur að halda þennan viðburð þar, deildinni að kostnaðarlausu. Ágætis mæting var á viðburðinn þann 15.nóvember en á tímabili voru yfir 20 manns á svæðinu.

Farið var vítt og breytt yfir þá vinnu/íþróttir sem standa félagsmönnum til boða. Þeir hundar sem tilheyra deildinni okkar eiga það flestir sameiginlegt að vera vinnusamir og nýtast í fjölbreytta vinnu.

Kristinn Hákonarsón sýndi smölun á fé og fór aðeins yfir það hvernig hann þjálfar smalahund til vinnu. Helga Skowronski á Dalsbúi lánaði okkur skjátturnar sínar og þökkum við kærlega fyrir það.

Þórhildur Bjartmarz og Silja Unnarsdóttir kynntu rallyhlýðni sem hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum og er orðin mjög vinsæl. Þær sýndu okkur nokkrar æfingar og útskýrðu spjöldin sem hver æfing er á.

Elín Lára Sigurðardóttir sagði frá hlýðni þjálfun og sýndi okkur bæði æfingar með eldri hundum og einnig hvernig hún byrjar þjálfun yngri hunda.

Guðrún S. Sigurðardóttir kynnti smalaeðlisprófið og hvernig það fer fram. Sköpuðust góðar umræður á meðan á kynningunum stóð og voru viðstaddir mjög áhugasamir. Boðið var upp á pizzur, nammi og gos þar sem söluágóði rann allur til deildarinnar.

**Aðventukvöld** var haldið þann 5. desember 2019. Þar voru stigahæstu hundar og ræktendur deildarinnar heiðraðir líkt og venja er. Valhappdrættið var með glæsilegra móti og þökkum við öllum þeim sem styrktu okkur innilega fyrir veittan stuðning. Mæting var dræm, sem því miður ekki einsdæmi þetta árið en vonandi náum við að efla mætingu fyrir næsta ár enda yfirleitt notaleg og hátíðleg stund.

#### **Stigahæsti hundur deildarinnar:**

Multi Ch Kraftbrewds Blossi at Heimsenda – Australian shepherd

**Stigahæsti öldungur deildar:** þrír hundar voru jafnir fyrir árið 2019

Multi Ch Vajra Diamont of Haleys Future - White Swiss Shepherd Dog

ISCH ISVetCH Hugarafis Skrauta HIT – Border Collie

ISCH ISVetCH Heimsenda Heiti Björn HIT – Australian Shepherd

#### **Stigahæsti vinnuhundur deildar:**

Spor og hlýðni: Ibanez White Swiss Shepherd Fjalladís - White Swiss Shepherd Dog

**Stigahæstu ræktendur deildar jafnir að stigum:**

Gunnarsholts ræktun - White Swiss Shepherd Dog

Orku ræktun – Border Collie

Starfið hélt áfram á nýju ári og þann 4.febrúar var blásið til fræðslukvölds í samstarfi við Petmark heildverslun. Klara Símonardóttir flutti fyrirlestur um blautfóður og kosti þess. Þátttaka var mjög dræm en við viljum þakka Klöru í Petmark hjartanlega fyrir framlagið. Gestir kvöldsins voru leystir út með glaðningi og boðið var upp á kaffi og kahoot spurningakeppni þar sem sigurvegarinn fór heim með glæsilegan vinning.

Stjórn hefur þegar lagt gróf drög að dagskrá fyrir árið 2020.

Sumarhittingur verður í vor með svipuðu sniði og í fyrra.

Boðið verður upp á smalaeðlispróf í haust og jafnvel smalapróf.

Deildarsýning verður haldin annaðhvort 10. eða 17. október, og er stefnan tekin á sýningu á laugardegi og fyrirlestur fyrir ræktendur og aðra áhugasama á sunnudegi. Verið er að hnýta lausa enda og verður viðburðurinn auglýstur um leið og allt er klárt.

Að lokum vill stjórn þakka kærlega fyrir gott ár og heldur ótrauð áfram að reyna að gera sitt besta til að styrkja og efla starf deildarinnar. Við erum félagið og án þátttöku félgsmanna verðum við aldrei eins öflug og við gætum orðið!